

Aðalfundur Hestamannafélagsins Spretts 12. mars 2014.

Fundur hófst skv. dagskrá kl. 20:00

Fundarstaður: Félagsheimili reiðhalla Spretts

1. Formaður félagsins, Sveinbjörn Sveinbjörnsson bauð félagsmenn velkomna og setti fundinn. Þá voru mættir 161 fundargestir.
2. Sveinbjörn stakk upp á Þorvaldi Sigurðssyni sem fundarstjóra og Kristínu Njálisdóttur sem fundarritara. Samþykkt einróma.
3. Þorvaldur Sigurðsson tók við fundarstjórn og bauð Sveinbjörn Sveinbjörnsson formann félagsins velkominn í pontu á ný og flutti hann skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári. Sveinbjörn rakti störf stjórnar félagsins í stórum dráttum en stjórnin hélt 24 formlega fundi á árinu ásamt fjölmörgum óformlegum fundum. Stjórn félagsins markaði sér stefnu strax í upphafi varðandi þau verkefni sem lágu fyrir og lánaðist vel í að fylgja henni. Veigamestu störf stjórnar snéru án efa að bygging reiðhalla og uppbyggingu á vallarsvæði félagsins. Vegna þessara verkefna þá hafa skipulagsmál verið stjórninni hugleikin er mikilvægt er að stjórn Spretts sé höfð með í ráðum t.d. í tengslum tillögur bæjaryfirvalda um breytingar á skipulagi á svæðinu í framtíðinni. Mikið af vinnu vegna þessara stóru verkefna hefur verið unnin í sjálfboðavinnu félagsmanna sem ber að þakka vel fyrir en þrír starfsmenn voru þó ráðnir í hlutastörf í tengslum við mannvirkin og um síðustu áramót var framkvæmdastjóri ráðinn til félagsins í 50% starf.
Stiklað á stóru: Merki félagsins var valið á árinu. Um er að ræða merki í grænum lit á hvítum grunni, knapi og hestur á fljúgandi skeiði. Gerður var samningur við Víkingahesta um rekstur reiðskóla á svæðinu sumarið 2013 og samið við bæjaryfirvöld um land á Rjúpnahæð undir girðingu fyrir reiðskólahestana. Þá var rekinn a.m.k. einn reiðskóli á svæðinu til viðbótar, Topphestar ehf. en sá reiðskóli hefur verið starfandi í Garðabæ sl. 20 ár. Félagið stóð fyrir haustfundi og nefndarkvöldi en þær samkomur voru vel sóttar af félagsmönnum. Allt almennt félagsstarf er mikilvægt í svo stóru félagi og nú hafa félagsmenn aðgang að glæsilegri félagsaðstöðu í veislusal reiðhallarinnar en vígsludagur hennar var 1. febrúar 2014. Mikil pressa myndaðist í kringum vígsluna en með samhentum átaki margra félagsmanna tókst sú athöfn með miklum ágætum og mættu um 1.000 manns. Félagið er fullt af hæfileikaríkum félagsmönnum sem eru félaginu til mikils sóma. Á vígslunni var undirritaður rekstrarsamningur milli Hestamannafélagsins Spretts, Kópavogsbæjar og Garðabæjar. Með þeim samningi styrkja sveitarfélögin Hestamannafélagið Sprettt um 6 milljónir hvort til reksturs reiðhalla og til barna og unglingsstarfs á árinu 2014. (sjá nánar skýrslu formanns)
Fundarstjóri bauð fundarmönnum að koma með fyrirspurnir:
Kristinn Hugason óskaði eftir frekari skýringum á framtíðarsýn formanns fyrir félagið og stefnu stjórnar. Sveinbjörn svaraði því til að hann myndi bjóða ráðleggingar til nýrrar stjórnar varðandi þá sýn ef eftir því yrði óskað.
Ekki fleiri fyrirspurnir. Fundarstjóri lagði fram skýrsluna til samþykktar og var hún samþykkt einróma af fundarmönnum.
4. Fundarstjóri bauð Guðmundi Hagalínssyni, gjaldkera félagsins, orðið. Gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar. Reikningar félagsins hafa verið settir upp af Þrepi Endurskoðun ehf. og endurskoðaðir. Fengin hefur verið ráðgjöf frá Deloitte. Guðmundur fór yfir helstu tölur efnahagsreiknings og rekstrarreiknings fyrir árið 2013:

Reikningar félagsins með skýringum láu frammi á borðum fyrir fundarmenn.

Rekstrarreikningur; hagnaður af reglulegri starfsemi félagsins nam samt.		<u>kr. 7.034.709.-</u>
Efnahagsreikningur; hlutafé í Kjóavöllum ehf.		kr. 25.714.018.-
Varanlegri rekstrarfjármunir.		<u>kr.181.728.162.-</u>
	Fastafjármunir	kr.207.442.180.-
Veltufjármunir:		<u>kr. 632.931.045.-</u>
	Eignir samtals	<u>kr. 840.373.225.-</u>
Skuldir og eigið fé;		
	Eigið fé	kr. 714.270.237.-
	Skammtímaskuldir	<u>kr. 126.102.952.-</u>
	Skuldir og eigið fé samt.	<u>kr. 840.373.225.-</u>

Fundarstjóri bauð fundarmönnum upp á fyrirspurnir. Engar fyrirspurnir bárust. Reikningar félagsins bornir upp til samþykktar. Reikningar félagsins fyrir árið 2013 samþykktir einróma.

5. Lagabreytingar skv. 20. gr. Engar tillögur að lagabreytingum lágu fyrir.

6. Kosning aðalstjórnar skv. 6. gr.

Kosning formanns: Sveinbjörn Sveinbjörnsson fráfarandi formaður gefur ekki kost á sér á ný. Linda Björk Gunnlaugsdóttir bauð sig ein fram sem formaður stjórnar og var kjörin einróma af fundarmönnum með lófataki.

Þrír stjórnarmenn ganga úr stjórn að þessu sinni, en það eru Guðmundur Hagalínsson, Þorvaldur Sigurðsson og Ingibjörg Guðrún Geirsdóttir. Fráfarandi formanni og stjórnarmönnum eru þökkuð góð störf í þágu félagsins.

Fundarstjóri kallaði eftir upplýsingum um framboð og bauð þeim einstaklingum að kynna sig. Efirtaldir félagsmenn buðu sig fram í stjórn og kynntu sig fyrir fundarmönnum:

- Þorsteinn Pálsson
- Kristján Þór Finnsson
- Lárus Finnbogason
- Kristinn Hugason
- Kristín Njálisdóttir
- Sigurður Halldórsson
- Sigurður Helgi Ólafsson

Umsjónarmenn kosninga sáu um dreifingu kjörseðla til fundarmanna. Fundarmenn beðnir um að rita þrjú nöfn á seðilinn. Umsjónarmenn kosninga söfnuðu saman kjörseðlum og héldu til talningar atkvæða.

Daníel Gunnarsson bað um orðið á meðan atkvæði voru talin. KULSFÉLAGIÐ og Sprettskórinn afhentu Hestamannafélaginu Spretti gjafabréf. Í gjafabréfi kemur fram að Hestamannafélaginu Spretti er gefinn flygill af gerðinni Young Chang. Gjöfinni er ætlaður staður í veislusal félagsins til afnota á æfingum Sprettkórsins og öðrum tónlistarviðburðum þar. Sú kvöð fylgir gjöfinni að Sprettskórinn fái án endurgjalds aðstoðu til æfingar skv. nánara samkomulagi og árlega söngskemmtun. Þá er von gefenda að hljóðfæri þetta efli menningar- og félagsstarf Sprettera í framtíðinni. Það voru Daníel Gunnarsson f.h. KULSFÉLAGSINS og Sæþór Fannberg f.h. Sprettkórsins sem afhentu Sveinbirni fráfarandi formanni Sprettis gjafabréfið. Flygillinn verður síðan afhentur húsinu fyrir næstu æfingu kórsins nk. mánudag. Sveinbjörn þakkaði góða gjöf f.h. félagsins.

Sveinbjörn bað um orðið og tilkynnti um kjör á íþróttamanni Spretts. Fyrir hönd stjórnar Spretts veitti Sveinbjörn félagsmanninum Erling Sigurðssyni viðurkenningu sem íþróttamanni Spretts fyrir árið 2013. Erling Sigurðsson fékk afhentan bikar og blómvönd og þakkaði vel fyrir sig. Þetta er í fyrsta sinn sem Hestamannafélagið Sprettur velur íþróttamann ársins hjá félaginu.

Umsjónarmenn kosninga luku störfum og færðu fundarstjóra niðurstöður talningar. Fundarstjóri upplýsti að þau þrjú sem kjörin hafa verið í stjórn eru Kristín Njálsdóttir, Lárus Finnbogason og Sigurður Halldórsson. Nýir stjórnarmenn boðnir velkomnir í stjórn og fagnað með lófataki fundarmanna.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara skv. 6. gr. Jóhanna Elka Geirsdóttir og Geirþrúður Geirsdóttir voru einróma kjörnar skoðunarmenn reikninga. Ekki voru kosnir skoðunarmenn til vara að þessu sinni.
8. Kosning í nefndir skv. 17. gr. Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim sem gefið hafa kost á sér í störf nefnda. Fundarmenn samþykktu einróma kjör í allar nefndir félagsins með lófataki.
9. Ákvörðun félagsgjalds. Samþykkt að almennt félagsgjald fyrir 22-67 ára verði kr. 9.000.- og fyrir 18-21 ára verði kr. 4.500.- fyrir árið 2014. Stjórn félagsins mun áfram verða heimilt að fella niður eða veita afslátt af félagsgjöldum öryrkja.
10. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Fundarstjóri greindi frá því að stjórn félagsins leggur ekki fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 verður því eitt af fyrstu verkum nýrkjörins formanns og stjórnar félagsins.
11. Önnur mál. Rúnar Stefánsson kvaddi sér hljóðs og óskaði eftir því að stjórnin beitti sér fyrir því að þegar vegir og reiðvegir eru ruddir á svæðinu þá verði passað upp á að það sé gert á öllu svæðinu. Þessi mál hafa ekki verið í lagi í vetur. Pétur Siguroddsson kom í pontu og minnti á árlega kórskemmtun og ball Sprettkórsins, laugardaginn 22. mars nk. Hermann Vilmundarson steig í pontu og óskaði félagsmönnum til hamingju með höllina og glæsilega félagsaðstöðu sem veislusalur reiðhallarinnar sannarlega er. Þá hvatti hann félagsmenn til þess að ganga vel um eignir félagsins og standa saman að því að halda þessu mikla mannvirki eins snyrtilegu og kostur er, þannig höldum við þessu húsi glæsilegu í framtíðinni. Kristín Njálsdóttir bað um orðið og minnti á Sing-along partý Brokk-kórsins 15. mars nk. í veislusal reiðhallarinnar. Þangað eru allir velkomnir til að syngja og gleðjast saman undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar kórstjóra Brokk-kórsins. Erling Sigurðsson tók til máls og minnti á unga fólkið í félaginu. Ráð væri að taka upp þá venju innan félagsins að veita unga fólkinu viðurkenningu eins og hestaíþróttamanni félagsins. Þá verði veitt viðurkenning fyrir eflilegasta drenginn og efnilegustu stúlkuna í röðum félagsmanna Spretts. Hugmyndin fékk góðar viðtökur fundarmanna. Hafdís Svava Níelsdóttir minnti á f.h. mótanefndar félagsins að föstudaginn 14. mars nk. verður haldið þrígangsmót. Mjög góð skráning er á mótið og stefnir í mikla skemmtun. Hannes Hjartarson kvaddi sér hljóðs og minnti á fyrirhugaða ferð Hrossaræktarfélags Spretts sem verður farin 28. – 29. mars nk. Matthías Pétursson kvaddi sér hljóðs og þakkaði fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf. Hann vildi einnig minna á reiðskólann Topphesta sem hafa starfað í um 20 ár á félagssvæði Andvara í Garðabæ og staðið sig með mikilli þrýði.

Nýkjörinn formaður stjórnar, Linda Björk Gunnlaugsdóttir ávarpaði fundinn. Linda þakkaði traust félagsmanna með kjörinu og þakkaði einnig fráfarandi formanni og stjórnarmönnum góð störf.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:00
Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir